



Hefur unga fólkið dregist aftur úr í tekjum?

Allt upp á við í íslensku efnahagslífi

Um þessar mundir birtast sífellt jákvæðar fréttir af lífsskjörum þjóðarinnar. Skuldir heimilanna hafa lækkað mikið á síðustu árum og námu um 84% af landsframleiðslu í lok síðasta árs, en þær urðu hæstar um 125% í árslok 2009. Veðsetningarhlutfall heimilanna hefur einnig lækkað mikið á heildina litið. Kaupmáttur launa hefur aukist verulega á síðustu misserum, laun hafa hækkað mikið og verðbólga haldist lág. Kaupmáttur launa jókst umtalsvert á árunum 1995-2008 en lækkaði svo verulega í kjölfar efnahagskreppunnar sem skall á í lok tímabilsins. Kaupmáttur launa stóð meira eða minna í stað árin 2009 og 2010 en hefur síðan þá aukist mikið, sérstaklega síðustu misseri. Kaupmáttur launa náði hæsta sögulegu gildi frá 2008 í nóvember 2014 og hefur aukist um 12% síðan þá.

Ráðstöfunartekjur fylgja launabreytingum að miklu leyti eftir. Þróun ráðstöfunartekna hefur því verið með svipuðum hætti frá 1990, mikil hækkun frá 1995-2008, síðan mikið fall og nokkur hækkun síðan. Gögn um ráðstöfunartekjur ná aðeins til ársins 2014 þannig að mikil kaupmáttaraukning launa á síðustu misserum sést ekki enn þar.


Meðaltalið segir yfirleitt ekki alla söguna

Launavísitalan sýnir meðalbreytingu launa allra landsmanna og að sama skapi sýnir þróun ráðstöfunartekna meðalbreytingu allra skattþegna þjóðarinnar. Frávik einstaklinga og einstakra hópa frá meðaltalinu getur verið verulegt og stundum meira í aðra áttina en hina vegna þess að dreifing tekna og launa er oft skökk. Fáir einstaklingar með háar tekjur geta t.d. dregið meðaltal hóps upp á við og skekkt dreifinguna.

Umræða um lakari hlut yngra fólks


Að undanförunu hefur farið fram töluverð umræða um lífsskjör ungs fólks og margir talið að þau hefðu

Kaupmáttur launavísitölu 1990-2016




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Þróun ráðstöfunartekna á föstu verðlagi 1990-2014



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Ráðstöfunartekjur eftir aldri á föstu verðlagi ársins 2014



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



dregist aftur úr kjörum annarra á síðustu árum. Umræðan hefur snúist nokkuð um svokallaða Y-kynslóð eða aldamótakynslóðina – fólk sem er fætt á tímabilinu 1980 til 1994. Því hefur verið haldið fram að það sé erfiðara fyrir þessa kynslóð að finna vinnu og húsnæði en áður hefur verið og að leiðin að fullorðinsárum sé lengri og torsóttari en áður.

Fólk á miðjum aldri með hæstu tekjurnar

Séu ráðstöfunartekjur skoðaðar eftir aldursbilum hér á landi má sjá að tekjurnar eru jafnan mestar hjá fólki á miðjum aldri. Séu árin 1990 og 2014 borin saman má glögg sjá að yngstu hóparnir eru mun meira fyrir neðan meðaltal allra 2014 en var 1990, sem er t.d. öfugt á við elstu hópana sem voru nær meðaltali allra í lok tímabilsins. Á árinu 1990 var aldurshópurinn 25-29 ára nálægt meðaltali, en á árinu 2014 var sá hópur kominn langt undir meðaltal og aldurshópurinn 30-34 ára nálægt meðaltalinu.

Breytingar mjög mismunandi eftir aldri

Sé litið á breytingar á ráðstöfunartekjum frá 1990 til 2014 má sjá að þær eru mjög mismunandi eftir aldurshópum. Meðalbreyting allra er 40% en mestu frávikin frá meðaltalinu voru 18% lækkun og 60% hækkun. Hækkun ráðstöfunartekna er greinilega langminnst hjá yngstu hópunum. Þannig hafa þeir sem eru undir 40 ára aldri fengið minni hækkunir en allir aðrir aldurshópar. Hækkun aldurshópsins undir þrítugu er mun minni en hjá öðrum hópum.


Breytingar mismunandi eftir tímabilum

Sé tímabilinu milli 1990 og 2014 skipt í tvennt má sjá að meginhluti breytinganna sem hafa urðu á tímabilinu gerðust á fyrri hluta þess. Segja má að seinni hluti tímabilsins, 2003-2014, einkennist nokkuð af því að allir hópar undir fertugu hafa orðið fyrir tekjuskerðingu á tímabilinu sem er hlutfallslega meiri en hjá öðrum hópum.

Vísbendingar sem þarf að rannsaka mun betur


Þessar tölur byggja á tölum Hagstofunnar um ráðstöfunartekjur þeirra sem einhverjar tekjur hafa. Niðurstaðan lítur úr fyrir að vera skýr, þ.e. að tekjur yngstu aldurshópanna hafa dregist aftur úr tekjum annarra hópa.

Ráðstöfunartekjur eftir aldri -
vísitala miðað við meðaltal




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Breyting ráðstöfunartekna milli
1990 og 2014 á föstu verðlagi



Breytingar á ráðstöfunartekjum
eftir aldri



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Í fljótu bragði er ekki að sjá neinar augljósar skýringar á þessari stöðu. Líklegt er að lengri skólaganga hafi áhrif. Þá er kannski minna um uppgríp og góða tekjumöguleika ungs fólks en áður var, t.d. vertíðir. Vinnumarkaður er orðinn tæknivæddari og sérhæfðari og mögulega er borgað hlutfallslega betur en áður fyrir þekkingu og reynslu. Allt eru þetta tilgátur sem þarf að skoða mun betur.

Meðaltalasanburður hentar ekki yngra fólki

Það lítur því út fyrir að samanburður yfir tíma sem byggður er á meðaltölum passi ekki sérlega vel fyrir ungt fólk. Mögulega gildir önnur launavísitala og önnur vísitala ráðstöfunartekna fyrir ungt fólk en meðaltal þjóðarinnar. Sé t.d. litið til áleitinnar spurningar eins og öflunar húsnæðis þarf að líta til þess að tekjuþróun yngstu aldurshópanna er væntanlega mun síðri en annarra. Þegar breytingar á aðstæðum á húsnæðismarkaði, eins og t.d. að ekki er lengur hægt að kaupa húsnæði sem ekki er fullklárað eins og oft tíðkaðist fyrr á árum, má væntanlega álykta sem svo að erfiðara sé fyrir ungt fólk í dag að afla sér húsnæðis en var í upphafi þess tímabils sem hér var skoðað.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.